

## XXIII. KAFLI

**Breytingar á lögum um lax- og silungsveiði,  
nr. 76/1970, með síðari breytingum.**

48. gr.

Í stað orðanna „að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags, Veiðimálastofnunar og Náttúruverndar ríkisins og með samþykki Hollustuverndar ríkisins“ í 25. gr. laganna kemur: að fenginni umsögn viðkomandi veiðifélags og Veiðimálastofnunar og með samþykki Umhverfisstofnunar.

## XXIV. KAFLI

49. gr.

**Gildistaka.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Siv Friðleifsdóttir.*

## LÖG

**um breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda,  
nr. 64 16. desember 1943.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að gefa Lögbirtingablað út og dreifa því á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu. Verði útgáfa Lögbirtingablaðs eingöngu rafræn skulu þeir sem þess óska áfram geta keypt Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Dómsmálaráðherra mælir í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd og gagnaöryggi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sólveig Pétursdóttir.*